

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fasteignalán til neytenda, nr. 270/2017.

1. gr.

Á eftir 1. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 1. gr. a., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Innleiðing reglugerða.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1125/2014 frá 19. september 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar tryggingar sem lánamiðlarar skulu hafa sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2019, frá 8. maí 2019, skal gilda hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 20. júní 2019, bls. [125-126](#).

2. gr.

1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar lánamiðlara fer samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1125/2014, sbr. 1. gr. a.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 28. mars 2022.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Guðmundur Kári Kárasón.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.